

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 51/2003

frá 16. maí 2003

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2003 frá 14. mars 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/885/EB frá 7. nóvember 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/49/EB að því er varðar frestina sem gefnir eru til að þrýstitromlur, hólkasamstæður og tankar til flutnings með járnbrautum á hættulegum færmum uppfylli kröfur hennar ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/886/EB frá 7. nóvember 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 94/55/EB að því er varðar frestina sem gefnir eru til að þrýstitromlur, hólkasamstæður og tankar til flutnings á vegum á hættulegum færmum uppfylli kröfur hennar ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 42b (tilskipun ráðsins 96/49/EB):

„- **32002 D 0885:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/885/EB frá 7. nóvember 2002 (Stjtið. EB L 308, 9.11.2002, bls. 44).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 17e (tilskipun ráðsins 94/55/EB):

„- **32002 D 0886:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/886/EB frá 7. nóvember 2002 (Stjtið. EB L 308, 9.11.2002, bls. 45).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 137, 5.6.2003, bls. 42 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 29, 5.6.2003, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 308, 9.11.2002, bls. 44.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 308, 9.11.2002, bls. 45.

2. gr.

Texti ákvarðana 2002/885/EB og 2002/886/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.